

Árneshreppur  
Bolungarvíkurkaupstaður  
Ísafjarðarbær  
Kaldrananeshreppur  
Reykholahreppur  
Tálknafjarðarhreppur  
Strandabyggð  
Súðavíkurhreppur  
Vesturbyggð

Ísafirði 21.maí 2021

## Tilkynning um dagskrá 66. Fjórðungspings Vestfirðinga, 2. júní 2021.

Með vísan 3. greinar samþykta Fjórðungssambands Vestfirðinga er dagskrá 66. Fjórðungspings Vestfirðinga hér með send út til aðildarsveitarfélaga Fjórðungssambandsins. En með bréfi þann 7. maí s.l. var boðað til þingsins þann 2. júní n.k. í Hótel Bjarkarlundi, Reykholahreppi samkvæmt samþykkt stjórnar þann 28. apríl s.l..

9.30	Skráning
10.00	Kosning forseta og ritara
10.10	Skýrsla stjórnar og rekstrareininga, sem FV ber ábyrgð á.
10.20	Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
10.35	Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár.
10.50	Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.
11.10	Önnur mál löglega fram borin
11.55	Frestur Fjórðungspings Vestfirðinga

Dagskrá þingsins er samkvæmt 8. grein samþykta, sem fela í sér hefðbundin ársfundarstörf auk svigrúms til að taka upp mál, undir liðnum, önnur mál. Eins segir í 8. grein að efni mála sem lögð verða fyrir þingið skulu kynnt samhliða útsendingu dagskrár og eru sem hér segir.

- Skýrsla stjórnar og rekstrareiningar sem FV ber ábyrgð á.  
Fjallað verður um eftirfylgni í stefnumörkun og framtíðarsýn sem tengist starfsemi Fjórðungssambandsins. En að öðru leyti, með vísan til samstarfssamnings Fjórðungssambands og Vestfjarðastofu, þá verður farið yfir starfsemi Fjórðungssambandsins í ársskýrslu Vestfjarðastofu og verður til umræðu á ársfundi Vestfjarðastofu og vísast til efnis á þeim fundi.
- Gögn er varða fjármál  
Gögn um fjármál voru send sveitarstjórnnum þann 18. maí s.l. auk þess að vera lögð fram á heimasíðu. Tillaga stjórnar um samþykkt ársreikning 2020 og um endurskoðaða fjárhagsáætlun 2021 hefur komið til umfjöllunar í fjárhagsnefnd og leggur nefndin til að tillögur verði samþykktar óbreyttar.
- Tillaga að efni og dagsetningu 66. Fjórðungspings, haustþing  
Tillaga stjórnar er að þingið verði haldið föstudag 29. og laugardag 30. október n.k. og þingið verði haldið á Ísafirði.

Stjórn mun fjalla um tillögu að efni þingsins á stjórnarfundum þann 26. maí n.k. og óskar eftir hugmyndum sveitarstjórna og eða sveitarstjórnarfulltrúa, um efni þingsins. Yrðu þær tillögur og tillögur stjórnar teknar til umfjöllunar á fundinum

- Önnur mál.

65. Fjórðungsþings, haustþing samþykkti ályktun um að fela stjórn að hefja endurskoðun 5. og 10. grein samþykkt og 6. grein þingskapa Fjórðungsþings. Yrði niðurstaða kynnt samhliða boðun 66. Fjórðungsþings, vorþing. Í vinnu starfshópsins kom fljótlega fram að skoða yrði málið í víðara samhengi m.a. að horfa í samhengi samþykkt Fjórðungssambandsins og Vestfjarðastofu. Umræðu er ekki lokið né eru komnar fram beinar tillögur.

Formaður vill hinsvegar nýta þennan dagskrárlið til að kynna þinginu vinnu starfshópsins og kynna þau álitamál sem velt hefur verið upp og kalla eftir viðbrögðum þingsins við þeim. En síðan óska eftir við þingið að stjórn fái endurnýjað umboð til að vinna að málinu áfram í samráði við sveitarstjórnir, fram að 66. Fjórðungsþingi, haustþingi. En samkvæmt samþykktum Fjórðungssambands eru breytingar á samþykktum einungis á dagskrá á haustþings.

Ekki hafa komið fram aðrar tillögur að málefnum undir önnur mál frá sveitarstjórnnum eða sveitarstjórnarfulltrúum, en dagskrárliðurinn gefur ávallt færi á að taka upp mál á þinginu.

Með auknu svigrúmi á takmörkunum samkomuhalds sökum heimsfaraldurs Covid 19, er nú mögulegt að boða til staðfundar en um leið verður þingið opið í streymi fyrir þá sem vilja fylgjast og taka þátt í störfum þingsins. Þó verður ekki möguleiki á að taka þátt í atkvæðagreiðslum.

Vegna þessara kærkomnu breytinga í samkomuhaldi var ákveðið að undirbúa samkomu sveitarstjórnarfulltrúa degi fyrir þingið. Því er verið að skipuleggja **skemmtikvöld þann 1. júní með kvöldverði og skemmtun**. Húsið verður opnað kl. 18:00 og fordrykkur verður í boði frá kl. 18:30. Þema kvöldsins mun að sjálfsögðu snúast um vestfirska pólitík og mun það mál vera fléttað inn í skemmtilegan búning með leikjum, spurningakeppni og skemmtiatriðum. Sveitarstjórnarfulltrúum er einnig velkomið að standa fyrir stuttum skemmtiatriðum.

Gisting fyrir þá sem koma degi fyrir þingið og taka þátt í kvöldverði hefur verið skipulögð af starfsmönnum Vestfjarðastofu og minnt á tengilið í þeim efnum, Lína Björg Tryggvadóttir, [lina@vestfiridir.is](mailto:lina@vestfiridir.is).

Gögn þingsins að öðru leyti birt á heimasíðu Vestfjarðastofu [Ársfundardagur 2021 | Vestfjarðastofa \(vestfiridir.is\)](#)

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri